

Nd.

363. Frumvarp til laga

[68. mál]

um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar af fjarlægum miðum sumarið 1968.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. marz.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán eða takast á hendur sjálfsskuldarábyrgð á láni, sem Síldarútvegsnefnd tæki, að fjárhæð allt að 15 milljónir króna, eða jafnvirði þess í erlendri mynt, til greiðslu kostnaðar við flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar til íslenskra hafna af miðunum norðaustur og austur af Íslandi á árinu 1968.

2. gr.

Síldarútvegsnefnd skal hafa forgöngu um og hafa á hendi framkvæmd flutninga samkvæmt 1. gr., og er henni heimilt að taka á leigu allt að fimm flutningaskip í því skyni og gera aðrar ráðstafanir, er nauðsynlegar reynast til tryggingar framgangs flutninganna. Enn fremur er henni heimilt að veita öðrum aðilum fjárhagslegan stuðning eða aðra fyrirgreiðslu í þessu skyni, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðgjafar ákveða.

3. gr.

Síldarútvegsnefnd skal fyrir 10. júní 1968 gera áætlun um heildarkostnaðinn við flutningana samkvæmt lögum þessum. Skal sú áætlunarfjárhæð dregin frá útflutningsandvirði saltsíldarframleiðslunnar á Norður- og Austurlandi á árinu 1968 hjá Síldarútvegsnefnd, áður en kemur til greiðslu andvirðisins til síldarsaltenda. Áætlunarfjárhæð þessi skal ganga til greiðslu kostnaðar við flutningana og endurgreiðslu lána ásamt vöxtum samkvæmt 1. gr.

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal leggja áætlun Síldarútvegsnefndar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar til grundvallar verðlagningu sumarsíldar til söltunar á árinu 1968. Hinn áætlaði heildarkostnaður við flutningana skal við verðákvörðun skiptast til helminga milli útgerðarmanna og sjómanna annars vegar og síldarsaltenda hins vegar.

4. gr.

Reynist kostnaður við flutninga samkvæmt lögum þessum minni en áætlun Síldarútvegsnefndar samkvæmt 3. gr. gerir ráð fyrir, skal sú inneign geymd á sérstökum reikningi til næsta árs til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins.

Reynist kostnaður við flutninga samkvæmt lögum þessum meiri en áætlun Síldarútvegsnefndar samkvæmt 3. gr. gerir ráð fyrir, skal sá viðbótarkostnaður greiddur af útflutningsandvirði saltsíldarframleiðslunnar á Norður- og Austurlandi á árinu 1969, og skal Verðlagsráð sjávarútvegsins leggja þann viðbótarkostnað til grundvallar við verðákvörðun sumarsíldar til söltunar vorið 1969 og skiptast til helminga milli útgerðarmanna og sjómanna annars vegar og síldarsaltenda hins vegar.

5. gr.

Sjávarútvegsráðgjafar getur sett reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal um löndunarstaði, kaup, yfirtöku og skoðun saltsíldar, sem flutt er samkvæmt ákvæðum laganna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.